

Fundargerð

22. fundur fræðslu- og menningarnefndar haldinn í grunnskólanum á Þórshöfn
mánudaginn 17. mars 2008 kl. 17.00.

Mætt eru: Guðni Örn Hauksson, Sigurður Jóhannes Jónsson, Sólveig Óladóttir, Sigríður Jóhanna Jónsdóttir og Heiðrún Óladóttir.

Dagskrá.

1. Mál. Skólastjóri.

Nýr skólastjóri grunnskólans á Þórshöfn og skipulag fram á vor. Heiðrún mun verða sem settur skólastjóri í veikindum Arnars. Hún tekur svo við 1. ágúst að fullu en hreppsnefnd samþykkir ráðningu hennar.

2. Mál. Skýrsla skólastjóra Grunnskólans á Þórshöfn.

Heiðrún flutti. Farið var yfir rannsókn á einelti sem kynnt var foreldrum í síðustu viku. Fram kom að fundur var hjá kennurum og öðru starfsfólki eftir fundinn með foreldrum. Nefndin leggur áherslu á að þessu máli verði fylgt eftir en lýsir ánægju með að ástandið hefur farið batnandi í skólanum. Lestraátak er framundan og stendur í 3. vikur. Árshátíð verður 4. apríl og samræmdu prófin verða í lok apríl og fram í maí. Heiðrún kynnti mál varðandi uppbyggingarstefnu sem er skólastefna og er farið að vinna með í mörgum skólum.

3. Mál. Starfsmannamál grunnskólans næsta vetur.

Heiðrún lagði fram gögn sem hún hefur unnið varðandi skipulag næsta vetrar. Það vantar 3. umsjónarkennara, 1. sérkennara, og kennara í tónlistarskólann. Auk þess þarf 3. afleysingarkennara í 3,5 mánuð í haust á meðan kennaranemarnir verða í æfingakennslu. Skólastjóra er falið að auglýsa þessi störf.

4. Mál. Úttekt Menntamálaráðuneytis á sjálfsmatsaðferðum grunnskólans, viðbrögð skólans og nefndarinnar.

Kynnt var innsent erindi frá Menntamálaráðuneytinu dags. 31. janúar 2008. Fræðslu- og menningarráð leggur áherslu á að úr nefndum annmörkum verði bætt sem fyrst. Nefndin telur samt að ekki verði hægt að bæta úr þessu á viðunandi hátt innan þess tímaramma sem gefinn er vegna forfalla og þeirra breytinga sem orðið hafa á stjórnun skólans í kjölfarið. Við teljum raunhæft að tíminn fram á næsta skólaár verði notaður til að undirbúa sjálfsmatið og það verði tekið í notkun fyrir áramót 2008 / 2009. Skólastjóra og sveitarstjóra falið að semja um nauðsynlegan frest.

5. Mál. Ungt fólk 2007 – grunnskólanemar.

Rannsókn Menntamálaráðuneytis kynnt og rædd.

6. Mál. Niðurstöður atvinnumálaráðstefnu í Langanesbyggð.

Nokkur atriði eru gagnlegar ábendingar til skólans sem þarf að hafa í huga.

7. Mál. Landvernd. Skólar á grænni grein.

Málið kynnt.

8. Mál. Fjölskylduþjónusta Þingeyinga.

Framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum. Hvatt er til samvinnu þeirra sem koma að málefnum barna og senda ábendingar til félagsmálastjóra. Sigríði falið að kynna málið í stjórn foreldrafélags.

9. Mál. Erindi frá Mirjam vegna listkennslu.

Málið kynnt og vísað til skólans til umræðu hjá kennurum.

10. Mál. Menningarmál.

- Áminning vegna Landsbyggðartónleika. Ljóst er að orðið er of seint að vera með í vetur.
- Erindi frá Karen v/ Kátra daga. Máli frestað.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19.05.

Guðni Örn Hauksson, ritari.